

Ed.

372. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við teljum ekki nauðsynlegt eins og stendur að útvega ríkissjóði tekjuauka þann, sem þessu frumv. er ætlað að gefa, og vísum til nál. okkar á þskj. 371 um

rök fyrir því. Hinsvegar finst okkur svo varhugavert að íþyngja atvinnuvegum landsins nú aftur, eða til frambúðar, með slíkri hækkun tolla á alnauðsynlegustu hjálparvörum til framleiðslu og á lífsnauðsynjum, að við teljum, að til slíks megi ekki grípa nema í ýtrustu nauðsyn. Leggjum við því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 2. mars 1928.

Jón Þorláksson, Björn Kristjánsson.
frsm. minni hl.